



SPARKVÖLLUR



Vettvangur æskunnar

Sparkvallaáttak

Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) fagnar 50 ára afmæli samtakanna 2004. Á þessum merku tímamótum hefur stjórn UEFA ákveðið að styrkja aðildarlönd sín um 1 milljón svissneskra franka til þess að byggja sparkvelli. Gerð er sú krafa að þau margfaldi styrkinn þannig að margir vellar verði lagðir í hverju landi. KSÍ setti sér það markmið í framhaldinu að byggja um 40 velli á næstu tveimur árum í samstarfi við sveitarfélög, Alþingi og nokkur fyrirtæki sem munu styrkja verkefnið. Vellirnir verða staðsettir víða um land.

Hugmyndin

Sparkvöllur á ekki vera smækkuð mynd af hefðbundnum knattspyrnuvelli heldur öruggt og skemmtilegt leiksvæði. Hugmyndin með afgirtum velli er einfaldlega að skapa vettvang þar sem knötturinn er sífellt í leik. Stöðug nálægð við knöttinn og óteljandi tækifæri til að skora eru uppskriftnin að því að svona sparkvellir njóta mikilla vinsælda hjá öllum aldurshópum. Lítil völlum gefur einnig þá mikilvægu möguleika að 1 leiki á móti 1, ekki síður en 3 á móti 3 eða 5 á móti 5.

Völlurinn

KSÍ sparkvöllur er lítil knattspyrnuvöllur, 18 m að breidd og 33 m að lengd, sem ætlaður er til leiks og keppni fyrir börn og unglinga með leikskipulaginu 5 á móti 5. Völlurinn skal lagður fyrsta flokks gervigrasi og helst vera upphitaður. Hann skal girtur af með viðargirðingu sem virkar sem batti og mörkin skulu falla inn í girðinguna. Nauðsynlegt er að vallarsvæðið sé upplýst þegar við á þannig að nýta megi völluminn allt árið um kring.

Framkvæmdin

KSÍ mun leita eftir samstarfi við sveitarfélög og gera við þau samning um byggingu sparkvalla, helst á skólasvæðum. Hlutur þeirra verður jarðvegsvinna (undirlag vallar) og uppsetning ramma um völluminn. Hlutur KSÍ verður að útvega og leggja fyrsta flokks gervigras á völluminn.

Sveigjanleiki

Þó að gert sé ráð fyrir því að sparkvöllurinn sé af stærðinni 18 m x 33 m á sama hönnun jafnt við þó að völluminn sé gerður í annarri stærð. Hugmyndafræðin er ávallt hin sama. Það má bæði hugsa sér minni og stærri velli, minni þar sem rými takmarkast af stærð skólalóðar og stærri til þess að gefa möguleika á fleiri þátttakendum í hvert sinn.


Þakkir

Sparkvallaáttak KSÍ er liður í uppbyggingu samfélagsins. Æskunni er veittur vettvangur til að dafna í heilbrigðum leik og ekki þarf að fjölyrða um forvarnargildi knattspyrnunnar. KSÍ er bæði ljúft og skylt að þakka UEFA, sveitarfélögum, Alþingi, Eimskip, Olís, KB banka og VÍS fyrir ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu. Þá vil ég nota tækifærið og þakka mannvirkjanefnd KSÍ sem hefur haft veg og vanda af útgáfu þessa bækling. Framtíðarsýn okkar á að vera KSÍ sparkvöllur við alla skóla landsins.


Eggert Magnússon, formaður KSÍ



Mörkin eru felld inn í endaveggi.



Einföld girðing en traust, úr stöðluðum einingum (t.d. úr rörum og tré), 1,2 m há á hliðum, 2 m og 2,6 m við endalínur ásamt 60 cm vegg yfir mörkum.




Tvö gleið horn í stað 90° horns (leikur lokast ekki af í hornum).


KSÍ sparkvöllur

Stærð 18 m x 33 m

Nauðsynlegt getur verið að reisa aukalega netgirðingu við völlinn ef hann stendur nærri götu.



Umhverfi vallarins þarf að vera snyrtilegt þannig að óhreinindi berist síður inn á hann.



Fyrsta flokks gervigras, mælt er með upphitun.

Fullnægjandi lýsing er algjört skilyrði.

Inn/útgangur í gegnum laust hliðarnet í mörkum (hliðarnetið er opið við innri stöngina). Einnig er hægt að hafa inn/útgang um op eða lausa einingu fyrir miðjum velli.

Uppbygging og efnisval

Jarðvinna


Með jarðvegsskiptum undir velli þarf að tryggja að ekki verði hættu á frostlyftingu í vallaryfirborðinu. Frostdýpi er mjög háð aðstæðum og landshlutum en oftast má gera ráð fyrir að frostörugg fylling þurfi að vera um 70–100 cm undir velli. Vellir sem eru upphitaðir geta verið með grynri fyllingu.

Jarðlag	Upphitaður	Óupphitaður
Jöfnunarlag	4 cm malað efni. Yfirborð þjappað og jafnað vandlega.	5 cm malað efni. Yfirborð þjappað og jafnað vandlega.
Sandlag	4 cm rörsandur umhverfis hitarör. Best er að nota sand sem skríður lítið.	Á ekki við.
Fylling	30–50 cm vel þjöppuð, frostörugg fylling.	60–90 cm vel þjöppuð, frostörugg fylling.

Dæmi um uppbyggingu er sýnt á sniði

Undirstöður

Staura fyrir girðingu má steypa í blikkhólka eða festa í steptan sökkul. Þar sem staurarnir taka við talsverðu hliðarálagi (vegna vinds) þarf að ganga tryggilega frá hólkunum og þjappa vel að þeim. Blikkhólka þarf að grafa niður á um 1 m dýpi, sjá snið, og dýpra þar sem girðingar eru hæstar.



Girðing/veggir

Heppilegast er að girðing sé byggð upp af einingum með burðarvirkið úr galvaniseruðu stáli og klæðningu úr timbri. Í veggina er mælt með að notuð sé 28 mm x 98 mm einföld liggjandi klæðning.

Girðingin er samsett úr 5 einingum A, A1, A2, B og C eins og sjá má á teikningu á bls. 6 og 7. Mörk eru 3 m á breidd og 2 m á hæð.

Mjög mikilvægt er að veggur myndi slétt yfirborð frá efstu brún að grasi, þ.e. að ekki myndist brún eða stallur við samskeyti timburklæðningar og sökkuls/ gervigrass, sjá skýringarmyndir á bls. 7.

Girðingin þarf að líta vel út svo að völlurinn falli vel inn í umhverfi sitt. Hún verður að þola mikla ánauð og þjóna tilgangi leiksins sem best. Gott endurkast knattar af girðingunni gefur hraðari leik og skapar meiri leikni. Þess vegna þarf timbrið að hafa ákveðna lágmarksþykkt til þess að tryggja gott endurkast. Jafnframt er alger forsenda að mörkin séu innfelld í girðinguna og í raun hluti af henni en standi ekki inn á sjálfum vellinum.

Aðgengi inn á völlinn getur verið við miðlínu eða í gegnum mörkin, sjá mynd á bls. 2 og 3.

Yfirborð

Völlurinn skal lagður fyrsta flokks gervigrasi sem er viðurkennt af KSÍ.

Staðsetning og notkun






KSÍ leggur áherslu á að sparkvellir séu staðsettir á skólalóðum en þá má almennt staðsetja á hvaða opnu svæði sem er, t.d. á skipulögðum leiksvæðum, í portum eða á íþróttasvæðum svo dæmi séu tekin.

Umhverfi


Umhverfi við sparkvöll þarf að vera snyrtilegt (malbik/hellur) þannig að óhreinindi eigi ekki greiða leið inn á völlinn og skemmi gervigrasið. Nauðsynlegt getur verið að reisa aukalega netgirðingu við völlinn ef hann stendur nærri götu.

Nánari upplýsingar


Allar nánari upplýsingar veitir skrifstofa KSÍ.




DÆMI UM GÓÐAN FRÁGANG VIÐ SÖKKUL



DÆMI UM GÓÐAN FRÁGANG VIÐ SÖKKUL



DÆMI UM SLÆMAN FRÁGANG VIÐ SÖKKUL



DÆMI UM SLÆMAN FRÁGANG VIÐ SÖKKUL

BREYTT			
Sparkvöllur			
KVAR-1:1:125			
DAGS: 17-01-04		STAÐF. BURÐARÞOL	
HANNAÐ: JL KÁ	TEIKNAD: KÁ	YFIRF.:	
ALARK arkitektar ehf.		SAMRABERG 7 200 KÓPÁVOSS Sími 564 1127 Sími 564 4244 Sími 564 4433 www.alark.is Sími 501 933 2409 www.arkitektar.com	

Hvað þarf til?



Það var ávallt mikil tilhlökkun í æsku að hitta félagana á Wembley eftir skóla. Þetta var okkar völlum; óslétt moldugt tún sem breyttist oft í drullusvað yfir sumarið eftir ótal kappleiki sem þar fóru fram. Oft vorum við tilneyddir til að færa þjóðarleikvang okkar vegna byggingaframkvæmda, þó ekki eigin. Öll þekkjum við hliðstæð dæmi frá okkar heimabyggð, en opin svæði eru því miður ekki jafn aðgengileg nú og áður var.

Með byggingu sparkvalla viljum við halda við sparkvallahefð hér á landi og efla hana á nýjan leik. Sparkvellir eru nú algeng sjón um alla Evrópu og vinsældir slíkra valla eru miklar. Upphitaðir og flóðlýstir sparkvellir geta verið í notkun frá morgni til kvölds allan ársins hring. Sparkvöllur með gervigrasi gefur mýkt og hliðstæða eiginleika og venjulegt gras. Á honum eykst tækni og öryggi með knöttinn. Girðing sem nýtist sem aukaleikmaður í veggspili eða þríhyrningsspili bætir knattmeðferð og eykur skilning. Mörk sem eru hluti af girðingunni og standa ekki svo langt hvort frá öðru veita ótal marktækifæri og auðvitað eru ótal mörk skoruð. Það eykur hreyfingu og þol að knötturinn er nánast alltaf í leik. Leikskilningur þroskast og góð staðsetning lærist. Allt þetta er mikilvægt veganesti á leið knattspyrnumanns til þroska og frama. Og auðvitað má ekki gleyma mikilvægi góðs og heilbrigðs félagsskapar á æskuárum. Það er von mín að í framtíðinni megi finna KSÍ sparkvöll í öllum byggðarlögum.

Knattspyrnan er vinsælasti leikur í heimi, líklega vegna þess að allir geta tekið þátt í þessum einfalda leik. Við eigum að veita íslenskri æsku tækifæri til þess að vera með.

Eyjólfur Sverrisson,
verkefnisstjóri sparkvallaátaks KSÍ
og fyrrverandi landsliðsmaður



Knattspyrnusamband Íslands • Laugardal • 104 Reykjavík
Sími: 510 2900 • Fax: 568 9793 • Tölvupóstur: ksi@ksi.is • Heimasíða: www.ksi.is